



“Gapparinn”

Eitt lítið fréttabréf um Vistvernd í verki...

Janúar 2001

Innihald:

- | | |
|-------------------------------------|--------|
| • Inngangur | bls. 1 |
| • Í upphafi vorannar | bls. 1 |
| • Viðtal við leiðbeinanda | bls. 1 |
| • Viðtal við staðbundinn stjórnanda | bls. 2 |
| • Landsmót GAP á Íslandi? | bls. 4 |
| • Veistu hve margir...? | bls. 4 |
| • Nöfn á visthópum | bls. 4 |
| • Látum boð út ganga | bls. 4 |
| • Við hverja á að hafa samband? | bls. 5 |

*“Ef ekki væru
auglýsingar myndum
við neyðast til að
velja eftir gæðum”*
Henry Tikkanen

Inngangur

Hér kemur eitt lítið fréttabréf um Vistvernd í verki, nú þegar við siglum inn í nýja öld. Við stiklum á stóru um stöðuna og birtum tvö viðtöl við lykilfólk í GAP á Íslandi.

Í upphafi vorannar

Nokkur sveitarfélög eru ákveðin í að bjóða íbúum sínum að taka þátt í visthópi. Þetta eru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Mosfellsbæ, Árborg, Hveragerði, Austur-Hérað og Akureyri. Einnig er málið í athugun í Reykjanesbæ og Fjarðabyggð. Fyrsti hópurinn lauk verkefninu á Kjalarnesi á dögunum og þessa dagana eru nýjir hópar að komast í gang á nokkrum stöðum. Leiðbeinendanámskeið verður haldið í Reykjavík 10. – 11. febrúar n.k., en námskeið sem fyrirhugað var nú í janúar, frestaðist vegna veðurs og veikinda.

Viðtal við leiðbeinanda

Jóhanna B. Magnúsdóttir í Mosfellsbæ leiðbeindi hópnum á Kjalarnesi og var það frumraun hennar í leiðbeinendahlutverki í visthópi. Hún verður þar með fyrsti leiðbeinandinn sem fær skjal upp á “formleg” leiðbeinendaréttindi. Jóhanna starfar sem verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ og mun því einnig halda utan um GAP verkefnið þar. Viðtalið var tekið í nóvember.

Sp. : Hvað vakti áhuga þinn á GAP?

JBM: Ég hef fylgst með þróun mála hér á landi í nokkur ár og veitti því fljótt athygli hversu gott kerfi GAP er. Það er mjög jákvætt þegar fólk vinnur saman að því að breyta lífsvenjum sínum og margir eru tilbúnir til þess. Mín reynsla af starfi í GAP - hópi var sérstaklega ánægjuleg og hafði áhrif í þá átt að ég dreif í að breyta ýmsu á heimilinu sem ég vissi að betur mátti fara.

Sp.: Hvað ertu að leiðbeina mörgum hópum?

JBM: Núna í nóvember setti ég af stað tvo hópa á Kjalarnesi og á næstunni munu hópar undir minni leiðsögn fara af stað hér í Mosfellsbæ

Sp.: Hvernig leggst hlutverkið í þig?

JBM: Þetta er spennandi verkefni, ég hef gaman af því að vinna með áhugasömu fólki að verkefni sem ég hef trú á að verði til góðs.

Sp.: Hvað kom þér mest á óvart þegar þú tókst sjálf þátt í vishópi?

JBM: Mest kom mér á óvart hversu skemmtileg þátttakan í verkefninu var. Ég átti svo sem ekki von á neinum leiðindum en við skemmtum okkur konunglega og enduðum svo á því að fara í "útskriftarferð" saman.

Sp.: Eitthvað skemmtilegt sem þú hefur að segja um þessa reynslu þína hingað til?

JBM: Í starfi mínu sem verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 finnst mér GAP kækomið tæki til þess að hjálpa áhugasömu fólki við að þróa umhverfismál á heimilunum. Ég hef fundið fyrir áhuga sem gaman verður að koma til móts við með hákandi sól.

Sp.: Er eitthvað nýtt sem þú læir á því að leiðbeina (frá því að vera þátttakandi í vishópi?)

JBM: Að leiðbeina í vishópi er jákvæð reynsla vegna þess að þar er lögð áhersla á að taka á málum út frá jákvæðu hliðunum og hvað einstaklingurinn getur gert, frekar en að velja sér upp úr hvað aðrir ættu að gera. Ég er ekki frá því að einmitt þetta skapi þessa gleði sem fylgir því að taka þátt í vishópi. Verkefnið felur ekki heldur í sér neinar fyrirskipanir um hvar fólk skuli bæta sig, heldur er hver og einn látinn um að ákveða hvað hann tekur fyrir hverju sinni. Enginn þarf að burðast með samviskubít eða tilhugsun um að falla á einhverju prófi, vegna þess að málið snýst ekki um það.

Viðtal við staðbundinn stjórnanda

Þeir sem stýra verkefninu í sínu sveitarfélagi hafa verið kallaðir "staðbundnir stjórnendur". Einn þeirra er Ármann Eiríksson í Hafnarfirði, sem starfar sem atvinnumálafulltrúi, en hann stýrir Staðardagskrá 21 í fjarveru Huldu Steingrímsdóttur sem verður í barnsburðarleyfi til vors.

Sp.: Ert þú búinn að taka þátt í vishópi?

ÁE: Nei, en ég er virkur þátttakandi um þessar mundir ásamt konu minni og 7 öðrum hjónum hér í bænum. Við munum væntanlega ljúka verkefninu sem slíku í febrúar.

Sp.: Hvernig gengur?

ÁE: Við erum komin hálf leið í gegnum verkefnið með handleiðslu greinargóðrar handbókar Landverndar. Við hittumst á tveggja til þriggja vikna fresti og upplýsum um reynslu hvers og eins og skiptumst á skoðunum og hugmyndum. Umráður okkar eru einstaklega líflugar og þátttakendur hafa náð vel saman í brennandi áhuga um viðfangsefnið.

Sp.: Hvað kom þér mest á óvart?

ÁE: Mér kom þægilegast á óvart hversu mikill áhugi er meðal íbúanna um að fá tækifæri til þess að taka þátt í verkefni eins og þessu. Því miður erum við ekki í stakk búin með útskrifaða leiðbeinendum til þess að ræsa nýja hópa með öllum þeim sem vilja komast af stað og bíða með óþreyju. Þessi þáttur verður kominn í sæmulegt lag, fljótlega upp úr áramótum og svo fara hjólin að snúast í framhaldi af því. **Mest kom mér á óvart**, að loknum mætingum, allur þessi vatnsaustur sem fer um heimilin okkar, m.a. vegna; baðvatns, kyndingar, salernisnotkunar, þrotta og sírennslis af ýmsu tagi

Sp.: Í hverju felst það að halda utan um verkefnið fyrir Hafnarfjörð?

ÁE: Hafnarfjörður hefur verið í fylkingarbrjósti sveitarfélaga sem stefna að fyrirmyndar vistvænu samfélagi. Bæjarfirvöld hafa samþykkt nýja **umhverfisstefnu** þar sem segir að lögð skuli sérstök áhersla á að sveitarfélagið verði til fyrirmyndar á öllum sviðum í anda Staðardagskrár 21 (Local Agenda 21) sem er í reynd forskrift að sjálfbærri þróun alls lífs hér á jörðu. Stýrihópur um verkefnið ásamt verkefnisstjóra móta og leiða verkefnið hér í Hafnarfirði, liðsinna þátttakendum og starfa með öðrum þátttakendum og stjórnendum þess á landsvísu. Enn fremur er lögð á það sérstök áhersla að stefnt skuli að því að styðja áfram við starfsemi vinnuhópa sem kenna sig við "Vistvernd í verki" eins og segir í texta. M.a. með þálfun leiðbeinenda.

Sp.: Hvernig leggst hlutverkið í þig?

ÁE: Vel! Ég hef sennilega alla tíð verið stemmdur fyrir hugmyndafræðinni sem mér hefur verið fengin í hendur. Að öllum líkindum með fyrirmynd og af uppeldi foreldra og með góðri innræingu ömmu minnar sem ég átti mikið við að sáða á bernskuárunum.

Sp.: Eitthvað að lokum?

ÁE: Já. Góðkunningi minn hringdi til mín fyrir skömmu og kvaðst vilja segja mér frá reynslu sinni! Hann býr í blokk þar sem 7 sorptunnur heyra stigagangnum og fólkinu til. Tunnurnar hafa jafnan allar verið troðfullar við losun á 7 daga fresti. Nýverið voru gerðar þær breytingar af hálfu bæjarfyrvalda, að sorphirða færi einungis fram á 10 daga fresti.

Allt virtist nú stefna í óefni!

Íbúarnir ákváðu þegar að líta sér nær og hófu að flokka allt sem þeir höfðu áður fleygt í tunnurnar. Svo losuðu þeir sig við ruslið í gáma á næliggjandi grenndarstöð. Viti menn, - 10 dagarnir liðu og sorphirðuflokkurinn kom og tæandi **3 tunnur** frá íbúunum!

Sorphirðan frá fólkinu hafði því minnkað um 70%.

Þetta skýrir m.a. þá skoðun mína að þeir eigi að borga sem menga og að hætta eigi að niðurgreiða sorphirðu með því að setja peningana til almennings með annari óskilgreindri skattheimtu. Það fólk sem er tilbúið að annast sín sorpmál að þessum hluta á að njóta þess í lægri gjöldum en þeir sem öllu fleygja eiga jú að borga í hlutfalli við það magn sem frá þeim kemur.

Landsmót GAP á Íslandi?

Á leiðbeinendanámskeiði sem haldið var í nóvember s.l. kom fram sú hugmynd að halda árlegt "landsmót" GAP á Íslandi og þótti rétt að setja stefnuna á Hallormsstaðaskóg strax í vor! Þar sem leiðbeinendur eru alla jafna sjálfboðaliðar gæi það verið umbun til þeirra að fá að fara á landsmótið! Hugmyndin er góð! ...nánari fregnir síðar.

Veistu hve margir hafa tekið þátt í visthópi á Íslandi?

Um daginn þurftum við að senda tölur um þátttöku og árangur, sem GAP í Hollandi kom á framfæri á Haag ráðstefnunni um loftlagsbreytingar. Það var athyglisvert að þá kom fram að í þeim 16 visthópum sem hingað til hafa starfað / eru starfandi hér á landi, hafa um 100 manns tekið þátt og þegar allir fjölskyldumeðlimir eru taldir eru það upp undir 400 manns!

Nöfn á visthópum

Í upphafi vorum við ekki alveg viss um hvort það myndi henta Íslendingum að búa til nöfn á visthópana sína, en það sem af er, hefur það gengið að óskum og gefið skemmtilega stemmingu. Hér eru þjú dæni:

Vistvinir	Hafnarfirði
Grænt Kjalarnes	Kjalarnesi
Gerum betur	Kjalarnesi

Látum boð út ganga

Með þessu fréttabréfi, eru allir sem hafa tekið þátt í visthópi, settir inn á póstlista og munu fá fréttir af verkefninu. Þið eruð einmitt lykilmál fólk í því að efla útbreiðslu GAP á Íslandi. Látið því boð út ganga, þegar þið heyrið í fólki sem ykkur sýnist áhugasamt. Segið því frá því hvað þið fenguð út úr því að taka þátt í verkefninu. Stefnan er að 15% landsmanna taki þátt í visthópi á næstu 5 árum!!!

Þeir sem ekki vilja vera á þessum póstlista vinsamlegast sendið skilaboð á netfang sigurborg@landvernd.is

Við hverja á að hafa samband?

Þetta er fólkíð sem getur gefið allar frekari upplýsingar:

GAP- Ísland

Landvernd Sigurborg Kr. Hannesdóttir. Er við á þriðjudögum.
Sími 552 5242 sigurborg@landvernd.is

Akureyri

Guðmundur Sigvaldason Sími 460 1458 gudm@akureyri.is

Austur-Hérað

Sigurður Arnarson Sími 471 1492 sigurdur@egilsstadir.is

Árborg

Hafsteinn Hafliðason Sími 480 1900 hortice@mmedia.is

Hafnarfjörður

Ármann Eiríksson Sími 585 5525 armanneir@hafnarfjordur.is

Hveragerði

Kolbrún Þóra Oddsdóttir Sími 480 3415 kolla@hveragerdi.is

Mosfellsbær

Jóhanna B. Magnúsdóttir Sími 525 6772 jbm@mos.is

Reykjavík

Hjalti Guðmundsson Sími 563 2623 hjg@rvk.is